

1 Tilkynning um starfslok og skil á aðgangsheimildum

Vinnuveitandi þarf að tilkynna án tafar til Passaútgáfu þegar starfsmaður lætur af störfum. Vinnuveitandi eða starfsmaður þarf einnig að tilkynna til Passaútgáfu án tafar um aðgangsheimildir sem hafa glatast, verið stolið eða afturkallaðar. Allar tilkynningar skulu berast á passar@kefairport.is.

Í kjölfar starfsloka þarf vinnuveitandi eða starfsmaður að skila aðgangsheimild. Einnig þarf að skila aðgangsheimild þegar

- Isavia óskar þess,
- skipt er um vinnuveitanda,
- þörfin á aðgangi að svæðum sem heimild hefur verið gefin út fyrir breytist,
- gildistími aðgangsheimildar rennur út, eða
- aðgangsheimild er afturkölluð.

Aðgangsheimildum fyrir ökutæki þarf að skila

- ef Isavia óskar þess,
- þegar ökutækið er ekki lengur notað inn á haftasvæði flugverndar, eða
- ef gildistími aðgangsheimildar rennur út.

Öllum aðgangsheimildum skal skilað innan 14 daga. Hægt er að skila aðgangsheimildum til Passaútgáfu, gátstöðva (Gullna eða Silfurhlið) eða í póstbox í Gullna hliði.

2 Notkun aðgangsheimilda

Bera skal aðgangsheimild að aðgangslesara á gátstöðvum (Gullnahlið, Silfurhlið, Starfsmannahlið o.s.frv.) til að fá staðfest að aðgangsheimildin sé virk í rafrænu aðgangsstýrikerfi flugvallarins. Sýna skal flugverndarstarfsmönnum aðgangsheimildina þegar þess er óskað.

Handhafa aðgangsheimildar er óheimilt að nota aðgangsheimild í öðrum erindagjörðum en vinnu sinnar vegna. Undir slíkt fellur til að mynda notkun á aðgangsheimild utan vinnutíma, t.d. þegar starfsmaður er á leið í flug eða fer inn á haftasvæði flugverndar til að fylgja/taka á móti ættingja í/úr flugi. Óheimilt er að bera aðgangsheimild að lesara á gátstöðvum nema viðkomandi hafi erindi inn á haftasvæðið.

Aðgangsheimild skal vera sýnileg öllum stundum á meðan dvalið er innan haftasvæðis. Einstaklingur með gilda aðgangsheimild, sem dvelur á haftasvæði flugverndar sem farþegar hafa ekki aðgang að, skal tilkynna til stjórnstöðvar Keflavíkurflugvallar (APOC) um einstakling sem ekki er með aðgangsheimild sýnilega. Slík atvik skal tilkynna í síma 425 6210.